

1859.

14. október.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lestagjald af frakneskum skipum.

Þér hafið, herra amtmáður, eptir skýrslu sýslumannsins í Snæfellsnes sýslu, er þér senduð eptirrit af, skýrt frá því í bréfi 31. maí þ. á., að frakneskur erindsreki nokkur, *Bouriaud* að nafni, hafði látið leggja á land í Grundarfirði húsavið, er þangað hafi verið fluttur á tveim frakneskum skipum, og hafi þó ekki skip þessi áður komið við á neinum af verzlunarstöðum þeim, sem um er getið í lögum 15. aprílm. 1854 2. gr., nè heldur keypt íslenzk leiðarbréf og greitt hið lögboðna lestagjald; reyndar hafi seinna verið fengið leiðarbréf handa öðru af skipum þessum, *Clementine* að nafni, og greitt fyrir það lestagjald; en ekki hafi gjald þetta greitt verið fyrir hitt skipið, er *Nelly* heiti, því það hafi verið siglt á burt, þá er sýslumaður kom til Grundarfjarðar, og hafi hann þó farið þangað þegar í stað, er hann frétti hvað gjörzt hafði; hann hafi og ekki getað fengið neina upplýsingu um lestatölu skipsins, eður nafn skipstjóra, eður útgjörðarmanns. Þér hafið þess vegna leitað úrskurðar um, hvort sekta beri *Bouriaud* fyrir brot hans móti verzlunarlögnum.

Um þetta efni skal þess getið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari auglýsingar, að stjórninni þykir rétt vera, eptir málavöxtum, að sekta *Bouriaud* um 10 rd. til sveitarsjóðsins, einkum vegna þess, að hann ekki gaf yfirvaldinu neina vísbendingu um það, er skipin komu til Grundarfjarðar, jafnvel þó þau eigi mættu þangað koma að lögum beinlínis frá útlöndum, en lét þau þar á móti leyfislaust leggja á land nokkurn hluta af farmi sínum. Með því einnig hefði átt að kaupa íslenzkt leiðarbréf handa skipinu *Nelly*, eruð þér beðnir um, að bjóða sýslumanni að reyna að ná hinu lögboðna lestagjaldi af skipi þessu; og á hann í því efni við *Bouriaud*, þareð hann er fulltrúi útgjörðarmanns, sem kvað eiga heima í Frakklandi.